

VESTURDALSÁ 2002
Gönguseiði, endurheimtur, talningar og seiðabúskapur

Þórólfur Antonsson
og
Sigurður Guðjónsson

Veiðimálastofnun VMST-R/0306

Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Vesturdalsár.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Framkvæmd	1
Niðurstöður og umræða	1
Gönguseiðin 2002	1
Rafveiðar	2
Merkjaskil	2
Hreistursýni	3
Lax- og silungsveiðin 2002	3
Talningar á laxi og bleikju upp ána	3
Þakkarorð	4
Heimildir	4
Töflur	6
Myndir	9

Inngangur

Hér birtist árlegt yfirlit yfir seiðabúskap, gönguseiði, talningar á fullorðnum laxi og fleiri þætti sem tilheyra langtímarannsóknum í Vesturdalsá í Vopnafirði. Allt frá árinu 1979 hefur verið fylgst með seiðabúskap Vesturdalsár auk hinna tveggja ána í Vopnafirði, Hofsár og Selár. Árið 1989 var síðan bætt við gönguseiðagildru í Vesturdalsá og síðar hitamælingu, teljara, smádýralífssýnum og ljósmælingum. Einnig hefur bleikja verði rannsökuð bæði í ánni og lóninu (Ingi Rúnar Jónsson 1994) og samantekt langtímagagna um gönguhegðun bleikjunnar er í vinnslu (Ingi Rúnar Jónsson munnl. uppl.).

Á síðasta ári birtist skýrslan “Veðiálág, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám” (Þórólfur Antonsson ofl. 2002). Þar eru niðurstöður rannsókna í Vesturdalsá og Krossá á Skarðströnd sem hafa gengið út á það að meta veiðiálág í ánum og þar með stærð hrygningarstofnsins. Þær upplýsingar hafa síðan verið notaðar til að tengja saman stærð hrygningarstofns og nýliðun. Mikið hefur verið rætt og ritað um þetta samhengi, en forsenda þess að hlífa hrygningarstofni við veiðum er sú að hrygningu skorti. Tekist var á við þessa spurningu í skýrslunni.

Aftast í þessari skýrslu er heimildaskrá og skrá yfir skýrslur sem birst hafa um rannsóknirnar í Vesturdalsá í gegnum tíðina.

Framkvæmd

Áður hefur framkvæmdum og aðferðum við rannsóknirnar verið lýst í stórum dráttum (Þórólfur Antonsson 1990) auk síðari viðbóta (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998). Helstu þættirnir eru rafveiðar til að fylgjast með seiðabúskap í ánni, gönguseiðaveiðar og merkingar þeirra, mat á endurheimtum úr sjó, talning lax og silungs upp í vatnakerfið, skráning veiði og þar með hvað eftir verður til hrygningar, hreistursöfnun, og könnun á smádýralífi árinna sem jafnframt er fæða seiðanna í ánni. Úr smádýralífssýnum hefur ekki verið unnið að fullu en er nú á dagskrá. Síritandi hitamælir er nú í ánni sem skráir hita yfir allt árið og hefur því meiri geymslurýmd en eldri gerð sem hefur verið notaður undanfarin sumur.

Niðurstöður og umræða

Gönguseiðin 2002

Teljarinn var settur niður þann 11. júní og gönguseiðagildran líka. Hlýtt var þá í veðri en svo fór að kólna og þann 14. júní var gildra tekin upp aftur og ekki sett niður fyrr en 29. júní 2002. Flóð hafði komið í milltíðinni og sett gildruna á kaf í mól þó hún væri upp á bakka.

Áin tók bakkann austan við fótstykkið í ánni og gróf frá endanum. Bæta þurfti úr hvoru tveggja. Veiði á gönguseiðum var dræm framan af og alls veiddust 262 laxaseiði þar af voru 22 tekin í sýni og 240 seiðum sleppt merktum áfram til sjávar (2. mynd). Að þessu sinni komu 215 bleikjuseiði sem voru að mestum hluta 1 árs. Bleikjuseiðin koma oftast nokkru fyrir en laxaseiðin (2. og 3. mynd) og þar sem ekki er sérstaklega miðað við að ná allri göngu þeirra, er líklegt að einhver hluti þeirra hafi verið genginn áður en gildra var sett upp þar sem þau ganga við heldur lægra hitastig en laxaseiðin. Eins og oftast áður gengur mest af laxaseiðunum á nóttunni (4. mynd). Yfirleitt koma nokkur hornsíli í gildruna á hverju ári sem og nú en þau komu í upphafi gildrutímans (5. mynd). Sama er hægt að segja um smáseiði lax aldurshópunum 1+ og 2+ seiði. Eykst ganga þeirra þegar líða tekur á göngutíma gönguseiðanna (6. mynd).

Vatnshæð og vatnshiti hafa áhrif á gönguferli laxgönguseiðanna og eftir því sem dregur úr vorflóðum og hitastig vatnsins hækkar. Hins vegar hafði verið truflað rennslið úr Arnarvatni og því var mun meira vatnsrennsli en oft áður þegar leið á göngutímann og getur hafa haft þau áhrif að ekki veiddist meira af seiðum en raun ber vitni (7. og 8. mynd).

Laxgönguseiðin voru frá 9,2 -20,20 cm að lengd og að meðaltali 14,8 cm af öllum þeim seiðum sem merkt voru (9. mynd). Meðallengd gönguseiðanna hefur verið mjög breytileg frá upphafi rannsókna eða allt frá 11,6 cm upp í 14,8 cm og var því mesta meðallengd nú frá upphafi mælinga (10. mynd).

Af þeim sýnum sem tekin voru kom í ljós að eitt seiði var 2 ára en það er afskaplega sjaldgæft í Vesturdalsá það fyrsta veiddist í fyrra. Mest af gönguseiðunum var 3 ára eða 40,9%, 4 og 5 ára voru 27,3% (tafla 1).

Rafveiðar 2002

Að venju var seiðabúskapur Vesturdalsár athugaður og fór sú rannsókn fram dagana 21.- 20. ágúst 2002. Veiddar voru 6 stöðvar á svipuðum stöðum og undanfarin ár (1. mynd).

Seiði á aldrinum 0-3 ára veiddust að þessu sinni (tafla 2). Aðeins veiddust fjögur vorgömlu seiði. Það var á neðstu stöðinni nr. 6 neðan teljara (12. mynd). Þar hefur oft fengist mikið af vorgömlum seiðum og einnig á næstu stöð fyrir ofan en var slakt nú þó á móti komi að töluvert var þar af 1+ ára seiðum. Á þeim þremur stöðvum sem veiddar voru á miðkafla árinna þ.e. stöðvum 2, 3 og 4 var seiðabúskapur lélegur sem aldrei fyrr. Ekki er til viðhlítandi skýring á þessu en sama var uppi á teningnum síðustu tvö ár. Bæði hefur sú skýring verið nefnd að flóð og ruðningar geti farið illa með þetta svæði þar sem ruðningarnir séu mestir þar sem áin er að brjótast fram úr gilinu. Einnig er hugsanlegt að fáir fiskar í hrygningarstofni hafi valdið því að nýliðun seiða sé blettótt um ána. Fyrir þessu liggja þó ekki óbyggjandi sannanir en bent er á nýútkomna skýrslu um tengsl hrygningarstofns og nýliðunar sem frekari umfjöllun (Þórólfur Antonsson ofl. 2002).

Allir árgangar seiða eru langt undir langtíma meðallagi þó eins árs seiðin séu í skársta ástandi (tafla 3). Vöxtur seiðanna í Vesturdalsá hefur verið mjög góður þetta sumarið og meðallengdir og meðalþyngdir því yfir langtímameðaltali (töflur 4 og 5). Það gæti einnig bent til þess að þéttleiki seiða sé óeðlilega lítill og áin því vansetin seiðum.

Merkjaskil

Sumarið 2001 voru merkt 1307 seiði og af þeim skiluðu sér 37 merktir smálaxar sumarið 2002 í laxveiðinni í Vesturdalsá.

Því voru endurheimturnar $37/1307 \times 100 = 2,83\%$. (en 3,4% að t.t. veiðiálags).

Fjöldi veiddra smálaxa árið 2002 voru 216 og út frá því er hægt að reikna fjölda gönguseiða sem út gengu sumarið 2001:

Fjöldi gönguseiða 2001 var $1307 \times 216 / 37 = 7.630$ gönguseiði.

Í stórlaxaveiðinni reyndust 7 merktir laxar.

Endurheimtur reiknaðar út frá því voru: $7/1314 \times 100 = 0,53\%$ (en 0,68% að t.t. veiðiálags)

Fjöldi stórlaxa árið 2002 voru 53 og út frá því reiknast gönguseiðafjöldi sem gekk út árið 2000 þannig: $1314 \times 53 / 7 = 9.949$ gönguseiði. Til samanburðar var gönguseiðafjöldinn árið 2000 metinn 9.329 gönguseiði út frá smálaxaveiði 2001 og er þetta því nánast sama talan. Eitt merki skilaði sér sumarið 2002 í annarri á þ.e. Hofsa.

Hreistursýni

Tekin voru 152 hreistursýni af laxi veiddum í Vesturdalsá 2002 (tafla 6). Af þeim höfðu 21,7% verið 3 ár; 75,0% 4 ár og 3,3% 5 á ár í ferskvatni. Eins árs lax úr sjó (smálax) var um 67,1% veiðinnar og 2 ára lax úr sjó (stórlax) 32,9% og einn lax hafði gotið áður.

Út frá hreistursýnunum var veiðinni einnig skipt upp í árganga og reyndist laxinn vera úr árgöngum 1995-1998 (tafla 7). Athygli vekur hvað lítinn breytileika er hægt að rekja í veiðinni til mismunandi klakárganga þrátt fyrir mikinn breytileika í laxgengd en þó hafa klakárgangar 1994 og 1995 gefið lítið af sér miðað við aðra árganga.

Lax og silungsveiðin 2002

Alls veiddust 269 laxar og 502 bleikjur í Vesturdalsá sumarið 2002 (Guðni Guðbergsson munnl. uppl.). Af þeim 269 löxum var sem veiddust var 5 sleppt aftur. Laxinn skiptist þannig að 182 voru hængar, 79 hrygnur en 3 voru ókyngreindir. Ef skipt er eftir sjávardvöl þá voru 216 laxar veiddir eftir eins árs dvöl í sjó en 53 laxar eftir tveggja ára dvöl í sjó. Mest veiddist af laxi í 5. viku veiðitímans en fór síðan minnkandi eftir það (13. mynd). Tveir toppar voru í bleikjuveiðinni líkt og síðastliðið sumar, annar í 6. viku en hinn í 10. viku

veiðitímans (13. mynd). Mest af smálaxinum voru hængar en af stórlaxinum hrygnur (14. mynd).

Talningar á laxi og bleikju upp ána 2002

Þegar tegundir bleikja og lax eru sundurgreindar og einnig greint á milli smálax og stórlax var lengdardreifing þeirra teiknuð upp (14. mynd a-c). Samkvæmt þessu gengu 705 bleikjur, 255 smálaxar og 91 stórlax upp í gegnum teljarann. Til þess að finna út heildarfjölda laxa sem gengu í ána var fjöldi veiddra laxa neðan teljara lagður við þann fjölda sem um teljara gekk. Veiðiálag var síðan reiknað út frá því og var það 80,3% hjá smálaxi en 68,8% hjá stórlaxi.

Bleikjur veiddar neðan teljara voru um 255 og leggjast við þær 705 sem gengu um teljarann og það gefur heildarstofn af bleikju yfir 18 cm. Veiðiálag á bleikju var því veiði á bleikju 502 deilt með heildarstofni (960) eða 52,3% veiðiálag. Það er mun hærra veiðiálag á bleikju en oft áður.

Teljararnir gefa líka mynd af því hvernig bleikja og lax ganga eftir tíma sumars og eftir tíma dags (15. mynd).

Auk þess eru birtar mælingar á hitastigi í Vesturdalsá frá því október 2000 fram í maí 2002 (16. mynd A). Nú eru heilsármælingar á hitafari í ánni og ekki höfðu borist mælingar frá síðasta sumri öllu. Ljósmaeiningar eru einnig framkvæmdar yfir sumartímann (16. mynd B).

Þakkarorð

Við viljum þakka samstarfið við Veiðifélag Vesturdalsár, leigutaka og alla veiðimenn. Einnig samstarfsfólki á Veiðimálastofnun sem margt hefur lagt okkur lið. Einnig þökkum við Fiskræktarsjóði veittan stuðning.

Heimildir

- Guðni Guðbergsson 2002. Lax- og silungsveiðin 2001. Veiðimálastofnun VMST- R/0207. 24 bls.
- Ingi Rúnar Jónsson 1994. The life-history of the anadromous Arctic char, *Salvelinus alpinus* (L.), in River Vesturdalsá and Lagoon Nypslón NE-Iceland. Prófrítgerð í fiskifræði við háskólann í Bergen.
- Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson 1989. Laxarannsóknir í Vesturdalsá í Vopnafirði 1988. VMST/R- 89016.
- Sigurður Guðjónsson 1988. Vesturdalsá í Vopnafirði. Fiskirannsóknir 1987, auk yfirlits um fyrri rannsóknir. VMST-R/88030.
- Sigurdur Gudjonsson, Thorolfur Antonsson and Tumi Tomasson 1996. Exploitation Ratio of Salmon in Relation to Salmon Run in Three Icelandic Rivers. ICES Statutory Meeting. C.M.1996 Anacat Committee M:8.
- Steingrímur Benediktsson 1987. Niðurstöður rafveiða í Vesturdalsá í Vopnafirði 1985 og 1986. VMST- A/87003.
- Þórólfur Antonsson 1990. Vesturdalsá í Vopnafirði 1989. Gönguseiðagildra og rafveiðar. VMST-R/90001
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1991. Vesturdalsá 1990. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/91012.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992. Vesturdalsá 1991. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/92001.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993. Vesturdalsá 1992. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/93017x.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Vesturdalsá 1993. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/94014x.
- Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992. Sveiflur í veiði og nýliðun fiskistofna. Ægir 8.tbl. bls. 404-410.
- Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Tengsl Barentshafs og Íslandsmiða. VSMT-R/94004.

- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995. Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánna 1994. Veiðimálastofnun, VMST-R/95010x.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995. Vesturdalsá 1994. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/95016x.
- Þorolfur Antonsson, Sigurdur Gudjonsson, Thor Gudjonsson, Sigurdur Mar Einarsson and Tumi Tomasson, 1995. Timing of Smolt Migration of Atlantic Salmon (*Salmo salar* L.) in Icelandic Rivers. ICES Statutory Meeting. C.M. 1995 Anacat Committee M:22.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Vesturdalsá 1995. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/96012x.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1997. Vesturdalsá 1996. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/97011.
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Guðjónsson og Guðni Guðbergsson 1998a. Evaluation of the nursery areas, Atlantic salmon juvenile abundance and smolt production in River Ellidaar and River Vestudalsa, Iceland. ICES North Atlantic Salmon Working Group 1998. Working paper no. 98/9. 14 bls.
- Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1998b. Stock-recruitment relationship in River Ellidaar and River Vesturdalsa, Iceland. ICES North Atlantic Salmon Working Group 1998. Working paper no. 98/8. 13 bls.
- Þórólfur Antonsson 1998. Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafi. M.S. ritgerð við Líffræðiskor H.Í. 147 bls.
- Þórólfur Antonsson, Tumi Tómasson og Eydís Njarðardóttir 1998. Samantekt langtímarannsókna á laxastofnum Miðfjarðará í Húnaþingi. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98017. 36 bls.
- Þórólfur Antonsson og Tumi Tómasson 1998. Þættir sem hafa áhrif á laxgengd í Miðfjarðará. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98021. 26 bls.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1999. Vesturdalsá 1998. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/99011.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Vesturdalsá 1999. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/0009.
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002. Veiðiálag, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám. VMST-R/0204.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2001. Vesturdalsá 2000. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/0111. 22 bls.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2002. Vesturdalsá 2002. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/0211. 20 bls..

Tafla 1. Meðallengd, meðalþyngd og holdafar (holdastuðull) gönguseiða í Vesturdalsá 2002, skipt eftir aldri. N=fjöldi og Sd.=staðalfrávik.

Aldur	N	M-lengd	Sd.	M-þyngd	Sd.	Holdast.	Sd.
2	1	9,2		6,8		0,87	
3	9	13,9	1,32	25,6	8,03	0,92	0,050
4	6	15,0	1,15	32,7	7,21	0,96	0,041
5	6	15,5	1,75	37,1	11,63	0,96	0,045

Tafla 2. Niðurstöður seiðamælinga í Vesturdalsá 2002. Fjöldi laxa- og bleikjuseiða á 100m², meðallengd (cm), meðalþyngd (gr), og holdastuðull, einnig er gefið staðalfrávik(Sd) meðaltalna á laxaseiðunum.

Lax

Aldur	Fj./100m ²	Heildarfj.	M-lengd	Sd.	M-þyngd	Sd	Holdast.	Sd
0+	0,2	4	4,4					
1+	2,1	36	6,7	0,40	3,5	0,59	1,15	0,084
2+	0,9	15	9,2	0,94	9,3	2,76	1,15	0,081
3+	0,6	11	11,8	1,23	19,3	6,10	1,14	0,087

Bleikja

Aldur	Fj./100m ²	Heildarfj.	M-lengd	M-þyngd
0+	1,2	21	5,5	1,7
1+	0,2	3	8,5	7,0
2+	0,1	1	13,2	27,9

Tafla 3. Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m² botnflatar í Vesturdalsá 1979-2002, skipt eftir aldri.

Ár	Fjöldi m ²	0+	1+	2+	3+ 4+ og eldri	Fj./100m ²	
1979	1270	0,6	10,0	4,9	9,7	0,4	25,6
1980	1925	7,1	1,5	13,6	1,8	2,7	26,7
1981	1670	1,9	7,1	1,8	6,5	0,4	17,7
1982	2980	0,00	1,3	4,5	0,5	0,5	6,8
1983	1260	0,2	0,6	3,0	2,1	0,5	6,4
1984	480	0	0	1,2	6,4	0	7,6
1985	2780	0,1	0	0,2	0,0	0,2	0,5
1986	3120	2,8	2,5	0,1	0,6	0,1	6,1
1987	3320	4,2	2,1	0,7	0,1	0,1	7,2
1988	1200	0,2	7,1	1,6	0,2	0	9,0
1989	1260	1,0	3,3	7,5	0,6	0	12,4
1990	805	0	10,7	7,3	4,3	0	22,3
1991	1685	0,6	2,3	3,5	1,5	0	7,9
1992	1350	3,6	1,8	3,1	5,4	0,8	14,7
1993	1153	0,4	3,3	1,9	3,1	1,0	9,7
1994	1020	0	3,2	4,0	3,0	0,5	10,7
1995	1645	0,1	1,3	1,3	0,5	0,8	4,0
1996	1130	2,1	1,5	1,5	1,8	0,5	7,4
1997	1130	3,8	4,4	0,4	0,5	0	9,1
1998	1036	0	7,1	6,0	0,6	0	13,7
1999	1506	6,2	0,5	4,1	2,3	0,1	13,1
2000	2149	0,8	1,5	0,6	0,5	0,4	3,7
2001	1612	0	3,2	1,2	0,5	0,3	5,2
2002	1735	0,2	2,1	0,9	0,6	0	3,8
Sum		35,93	78,37	74,81	53,13	9,19	251,29
Meðaltal		1,50	3,27	3,12	2,21	0,38	10,47

Tafla 4. Meðallengd smáseiða í Vesturdalsá 1979-2002, skipt eftir aldurshópum.

Ár	0+	1+	2+	3+	4+	eldri
1979	3,0	5,2	7,2	9,2	13,1	
1980	4,4	5,8	7,5	9,4	10,8	12,2
1981	3,1	4,9	6,4	8,2	10,8	13,3
1982		5,9	8,2	10,8	12,0	13,2
1983	3,5	6,5	8,1	9,9	11,4	13,3
1984			7,2	8,6		
1985	3,5		8,9			11,3
1986	3,7	6,6	9,0	11,4	14,8	
1987	4,0	6,7	9,5	11,3		
1988	3,2	6,0	8,6	11,2		
1989	3,2	5,6	7,8	11,4		
1990		5,6	7,5	9,5		
1991	4,8	6,6	8,2	10,3		
1992	4,1	6,9	8,3	9,8	11,4	
1993	3,1	5,5	8,3	9,4	11,1	14,2
1994		6,1	8,0	9,9	11,7	
1995	3,3	6,6	8,2	9,6	11,5	11,6
1996	4,2	6,3	8,8	10,6	12,7	
1997	4,2	6,6	9,5	11,6		
1998		5,9	8,5	10,6		
1999	4,0	6,2	8,6	11,2	12,7	
2000	4,6	6,7	8,6	10,5	12,0	
2001		7,0	9,6	11,2	13,5	15,3
2002	4,4	6,7	9,2	11,8		

Tafla 5 Meðalþyngdir smáseiða í Vesturdalsá, skipt í aldurshópa eftir árum.
 Lengdar-þyngdarsamband seiða eftir 1989 var notað til að finna meðalþyngd á seiðin fyrir þann tíma.

Ár	0+	1+	2+	3+	4+	eldri
1979	0,3	1,4	3,9	8,3	12,5	
1980	0,9	2,0	4,6	8,9	13,6	19,7
1981	0,3	1,2	2,7	6,1	13,6	25,7
1982		2,1	6,1	13,6	18,8	25,1
1983	0,4	2,9	5,6	10,4	16,0	25,7
1984			3,9	6,7		
1985	0,4		7,4			15,6
1986	0,5	3,0	7,6	16,0	35,7	
1987	0,6	3,1	9,2	15,6		
1988	0,3	2,2	6,7	15,2		
1989	0,3	1,8	5,1	16,9		
1990		1,8	4,6	9,0		
1991	1,2	3,1	6,1	12,5		
1992	0,8	3,6	6,1	9,9	15,8	
1993	0,3	1,8	6,0	8,9	14,9	
1994		2,4	5,4	10,5	17,3	28,1
1995		3,2	6,0	8,3	17,0	
1996	0,8	2,7	7,5	13,3	23,5	
1997	0,9	3,1	9,5	17,4		
1998		2,1	6,4	13,3		
1999	0,6	2,5	6,7	15,3	20,4	
2000	1,2	3,4	7,0	15,3	13,9	
2001		3,7	9,8	16,7	29,1	47,2
2002	0,9	3,5	9,3	19,2		


Tafla 6. Laxveiðinni skipt eftir sjávar og ferskvatnsdöl í Vesturdalsá 2002.

Ár í sjó	1		2		Fjöldi	
Ár í ánni	hængar	hrygnur	hængar	hrygnur	alls	%
3	24	3	3	3	33	21,7
4	70	2	23	19	114	75,0
5	3	0	2	0	5	3,3
Fjöldi alls	97	5	28	22	152	
%	63,8	3,3	18,4	14,5		100


Einn lax hafði gotið áður og var að koma í annað sinn til hrygningar

Tafla 7. Hreistursýni greind m.t.t. þess hve stóra hlutdeild hver klakárgangur hefur gefið í veiði síðar meir.


Hrygning	Klakár	Veiðilár																			samt.
		85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	99	00	01	02		
1977	1978	10																		10	
1978	1979	79	63																	142	
1979	1980	137	115	43	4															299	
1980	1981	52	19	136	40															247	
1981	1982			173	100	10														285	
1982	1983			28	83	59	8													178	
1983	1984				4	87	37	1												129	
1984	1985					69	71	23	2											165	
1985	1986					1	47	57	33											138	
1986	1987							35	149	51	4									239	
1987	1988								79	150	56	13	4							302	
1988	1989								1	115	88	131	26							361	
1989	1990									5	69	162	92	2						327	
1990	1991										1	23	57	92	15					188	
1991	1992												22	98	30	5				155	
1992	1993													24	84	28				136	
1993	1994														30	36	20	3		89	
1994	1995															3	21	18	5	47	
1995	1996																88	73	79	240	
1996	1997																	30	137	167	
1997	1998																		48	48	
Samtals veiði		278	197	380	231	226	163	116	264	321	218	329	201	216	159	72	129	124	269		




1. mynd. Vatnakerfi Vesturdalsár í Vopnafirði (eftir Inga Rúnari Jónssyni 1994).




2. mynd. Fjöldi veiddra gönguseiða 2002 eftir dögum. Fyrsti dagur var 11. Júní. Númer daga voru ekki samfelld bil var milli 3.-18. dags.




3. mynd. Fjöldi laxaseiða sem gekk í gildruna eftir tíma dags 2002.




4. mynd. Fjöldi veiddra eins árs bleikjuseiða 2002 eftir dögum. Fyrsti dagur var 11. Júní.




5. mynd. Fjöldi veiddra hronsíla 2002 eftir dögum. Fyrsti dagur var 11. Júní.




6. mynd. Fjöldi veiddra smáseiða lax 2002 eftir dögum. Fyrsti dagur var 11. Júní.




7. mynd. Meðalvatnshæð hvern dag á gönguuma seiða 2002. Fyrsti dagur var 11. Júní.




8. mynd. Meðalvatnshiti hvern dag á gönguuma seiða 2002. Fyrsti dagur var 11. Júní.




9. mynd. Lengdardreifing gönguseiða lax 2002.




10. mynd. Meðallengd gönguseiða í Vesturdalsá árin 1989-1992 og 1995-2002 með 95% öryggismörkum á meðaltalið.






12. mynd. Lengdardreifing laxaseiða á sex stöðvum í Vesturdalsá 2002, og einnig eru allar stöðvar teknar saman bæði fyrir laxaseiði og bleikjuseiði.





13. mynd. Veiði lax og bleikju í Vesturdalsá 2002 eftir vikum. Fyrsta vikan er 1.-7. júlí.




14. mynd. Þyngdardreifing hænga og hrygna í Vesturdalsá 2002.




14. mynd. Lengdardreifing A) bleikju, B) smálax og C) stórlax sem um teljarann gekk sumarið 2002.



15. mynd. Ganga um teljara eftir tíma sumars (efri mynd) og eftir tíma dags (neðri mynd).



16. mynd A. Hitafer í Vesturdalsá sumarið 2001 og fram í júní 2002, mælingar gerðar á 4 stunda fresti. Mælingar fyrir allt sumarið 2002 hafa ekki enn borist.



16. mynd B. Ljós mælingar í Vesturdalsá gerðar á 30 mín. fresti við laxateljara. Ljós neminn var staðsettur á botni árinna.